Innviðaráðuneyti

Ísafirði 16. mars 2026

Umsögn Grænbók Byggðaáætlunar 2026 mál S22 2026

Þakkað er það tækifæri að koma að umsögn um Grænbók um byggðamál. Í þessari umsögn er reynt að fylgja þeim spurningum sem settar eru fram í síðasta hluta skýrslunnar.

1. Hver er skoðun þín á stöðumatinu?

5.1. Alþjóðleg þróun

Grænbók inniheldur greinargóða lýsingu á fræðilegri nálgun, aðferðarfræði og verkefnum sem unnið er að í Evrópu og nánar er varðar Norðurlöndin og Noreg sérstaklega m.t.t. stöðu Íslands og Noregs í regluverki Evrópusamstarfsins. Nálgun á eflingu svæðisbundinna styrkleika er rétt aðferðafræði samhliða og byggðir séu upp samkeppnishæfir innviðir. Tilgreina ætti einnig þær úttektir er varða beinan og óbeinan árangur af stefnu og aðgerðum á viðkomandi svæðum og hvaða mælikvarðar eru lagðir þar til grundvallar og meta notkun þeirra á Íslandi.

5.2. Byggðaþróun á Íslandi

Góð samantekt á lýðfræðilegri þróun landshluta.

Misritun er á bls 18, þar sem sagt er að árleg fjölgun íbúa á Vestfjörðum og Norðurlandi Vestra sé 0,5% og 0,4% en á að vera 5% og 4%, með vísan til mynd nr. 2 af mælaborði Byggðastofnunar.

5.3. Staða þekkingar

Tekið er undir að mikið hefur áunnist með uppbyggingu á þekkingu á byggðaþróun og aðgengi að gögnum. Skilgreining mælikvarða og vægi þeirra í mati á þróun mætti útfæra nánar, það gefi stjórnvöldum leiðbeiningar um hvaða þætti þau eigi að vakta.

5.4. Þróun fjárheimilda

Gefur yfirsýn þróun fjárveitinga til byggðamála og varpa ljósi á að grunnfjármagn til byggðamála fer sífellt lækkandi bæði í krónum talið og í raunvirði, ekki síst ef þróun verðlags og launa er metin þar á móti. Það er síðan verulegt áhyggjuefni boðuð lækkun framlaga til sóknaráætlana 2027 til 2030.

Tilgreind eru framlög frá menningar, nýsköpunar og háskólaráðuneyti og umhverfis, orku og loftlagsráðuneytis til samnings um sóknaráætlanir landshluta sem ráðuneytin leggja til

ásamt innviðaráðuneyti. Vakin er athygli á að sveitarfélög leggja þar einnig fjármagn til samningsins.

5.5. Kynja og jafnréttissjónarmið.

Ágæt umfjöllun sem bendir á vöntun viðmiðunum er varða mat á umsóknum í opinbera sjóði og skekkju í þeim efnum.

Kveða þarf skarpar á um áhrif vetrarþjónustu á atvinnusókn innan vinnusóknarsvæða, kannanir sýna að hærra hlutfall kvenna og vaxandi hlutfall veigrar sér vinnusókn á milli staða ekki síst þar sem um einn eða fleiri fjallvegi sé að fara. Skoða hlutfall fjallvega innan vinnusóknarsvæða sem ákveðin mælikvarða eða vægi þeirra aðstæðna metið.

Skoða ætti einnig stöðu almenningssamgangna innan vinnusóknar og þjónustusvæða, en hærra hlutfall kvenna en karla nýta sér almenningssamgöngur og það hefur áhrif á stöðu kvenna í sækja atvinnu og þjónustu. Ber þá að vekja athygli á að boðað er í þingsályktun um Samgönguáætlun 2026-2040, sem nú er til umfjöllunar á Alþingi, munu framlög til almenningssamgangna á landsbyggðinni lækka á tímabilinu 2026-2030.

Fleiri atriði eru síðan í framkvæmd og skipulagningu almenningssamgangna á landsbyggðinni sem taka verður til umfjöllunar varðandi Byggðaáætlun til að hafa áhrif á aðra stefnumörkun og framkvæmd stjórnvalda í málaflokknum. Aðgerðir Byggðaáætlunar varðandi almenningssamgöngur eru með takmarkað fjármagn og geta ekki tryggt langtímafjármögnun. Vísast hér að öðru leyti til umsagnar Fjórðungssambands Vestfirðinga um samgönguáætlun

> Með aðgerðum 5.2. og 5.3., er boðað að halda áfram mótun heildarstefnu og byggja upp gagnvirkt upplýsingakerfi sem nær til allra ferðamáta í almenningssamgöngum. Þetta eru jákvæðar aðgerðir en Fjórðungssamband lýsir áhyggjum að fjárhagsrammi almenningssamgangna miðast við það leiðakerfi sem er til staðar í dag og þar eru Vestfirðir mikið til undanskildir er varðar landssamgöngur.
>
> Í annan stað hvernig dregið hefur úr stuðningi við verkefni sem rekin hafa verið á síðustu árum s.s. í Vesturbyggð og í Múlaþingi. Hér vísað til að við sameingingu sveitarfélaga sem mynda þessi sveitarfélög í dag þá dregur Vegagerðin úr stuðningi á grundvelli þess skilnings að það sé sveitarfélaga að reka almenningssamgöngur innan sveitarfélagsins. Hlutverk almenningssamgangna Vegagerðar sé að styðja akstur á milli sveitarfélaga og ekkert tillit til langra vegalengda á milli þéttbýliskjarna. Önnur hlið er síðan á þessu að Vegagerðin er síðan ekki með frumkvæði að byggja

upp nýjar leiðir, hvað Fjórðungssambandið best veit þá eru engin áform að koma á um tengingu byggðakjarna sveitarfélaga innan Vestfjarða, þ.e. norðan og sunnanverðum Vestfjörðum eða við Strandir og Reykhólahrepp. Með bættum samgöngum hefur aukist áhugi ungs fólks að sækja nám í Menntaskólann á Ísafirði og nýta þar heimavist. Í endurskoðuðu leiðakerfi Vegagerðar sem kynnt var á áramótum er sett að markmiði að þjóna þessum hópi en miðað við leiðakerfið er ekki séð að það eigi við Vestfirði og svarar því ekki ákalli Ungmennaráðs Vestfjarða sem kemur fram í umsögn ráðsins um Samgönguáætlun.

Hér er í raun óljóst hvar stjórnvöld (Vegagerðin) leggja til grundvallar skilgreiningu á byggð, er það þéttbýliskjarni, sveitarfélag eða atvinnusvæði sem tengja á heildstætt. Þetta hlýtur að teljast andstætt markmiðum Samgönguáætlunar og fleiri áætlana innviðaráðuneytis um eflingu byggða um land allt s.s. Byggðaáætlun og Stefnu um málefni sveitarfélaga.

Árangursmælikvarðar.

Mælikvarði A.3. Áhyggjuefni hve dregur úr skólasókn. Væri mögulegt að mæla framboð á menntun og hvernig það hefur breyst. Skoða samhengi við atvinnusókn, hátt hlutfall dregur úr löngun til menntunar.

Mælikvarði B.1. Athygli vekur hátt hlutfall atvinnu á Vestfjörðum. Mæla verður einnig eftirspurn eftir störfum. Eru Vestfirðinga störfum hlaðnir?

Mælikvarði B.2. Fjöldi ríkisstarfa af íbúafjölda.

Auk þess að mæla fjölda ríkisstarfa þá verði mældur fjöldi sérfræðistarfa og meðallaun starfa. Gefur færi að meta dreifingu verðmætustu starfanna.

Mælikvarði B.3. Menntunarstig.

Að greina fjölda háskólamenntaðra eftir atvinnugreinum, sem myndi varpa ljósi á hvaða atvinnugreinar hafa hæsta hlutfallið og hvernig þær atvinnugreinar skipast eftir landshlutum. Einnig áhugavert að skoða vægi starfsemi háskóla og stofnana þeim tengdum innan hvers landshluta.

2. Hver er skoðun þín á þeirri framtíðarsýn og lykilviðfangsefnum sem sett er fram?

1. Fjölbreytt atvinnulíf.
   Setja þarf mælikvarða á hvað telst fjölbreytni atvinnulífs, meta þarf einnig efnahagslegan styrkleika og möguleika til að leiða nýsköpun sem er grundvöllur að fjölbreytni starfa. Setja þarf vara á eflingu óstaðbundinna starfa ef stjórnvöld eru

ekki tilbúin að fastsetja stöðugildi stofnanna sinna í helstu byggðkjörnum, samhliða þeirri stefnu að sameina og stækka stofnanir.

2. Lýðfræðileg þróun og grunnþjónusta.
   Tekið er undir þá greiningu sem lögð er til grundvallar lykilviðfangsefni. Fjölgun íbúa á höfuðborgarsvæði er segull á grunnþjónustu og fjármagn, en þar hafa stjórnvöld magnað áhrifin með stefnumörkun um miðlæga þjónustu og ber að skoða þau áhrif og aðgerðir til breyta þeirri nálgun. Tekið er undir mikilvægi þess að mæta fjölgun íbúa af erlendum uppruna.
   Lagt er til að taka inn greiningu á stöðu og viðhorfum ungs fólks og hvernig grunnþjónusta getur eflt þann hóp.
3. Innviðir.
   Tekið er undir þessa umfjöllun.
4. Alþjóðleg samkeppnisstaða og sjálfbærar byggðir.
   Tekið er undir þessa umfjöllun, en rétt að koma þá hér inn á að alþjóðleg samkeppnisstaða er eitt af meginþemum í þingsályktun um Borgarstefnu. Stjórnvöld verða að vera vakandi fyrir því að efla einnig alþjóðlega samkeppnisstöðu í fleiri byggðum landsins m.a. á grundvelli sérstöðu þeirra, dæmi hér um að lagareldi á Vestfjörðum.
5. Umhverfis- og loftlagsmál
   Tekið er undir þessa umfjöllun.

3. Hver er skoðun þín á þeim áherslum og leiðum sem lagðar eru til?

Tekið er undir að setja aukna áherslu á markvissari nálgun á mati á áhrifum laga og stjórnvaldsfyrirmæla á búsetugæði og starfsaðstæður. Og eins og aðferðarfræði «byggðamats» ætti að taka upp og þá mælikvarða sem verið er að þróa á vegum OECD, á norræna vísu, en Ísland hefur í gegnum tíðina leitað mikið í smiðju norrænna ríkja í byggðamálum og Evrópusambands. Líkt og komið er inn á í umfjöllun Grænbókar.

Tekið er undir þá upptalningu sem þarf að vera til samhæfingar byggðaáætlunar við aðrar áætlanir ríkis og sveitarfélaga, en til viðbótar er hér bent á tvennt.

- Væntanlega stefnumótun í málefnum ungmenna á aldursbilinu 13-30 ára, samanber mál S-40/2026, *Áform um mótun ungmennastefnu*.
- Strandsvæðaskipulag nær nú til tveggja svæða við landið (Austfirði og Vestfirði) og stefnumörkun er að hefjast fyrir tvö svæðis til viðbótar (Eyjafjörður og Skjálfandi) og stefnt að fleirum á næstu árum. Umsvif og aðgerðir á strandsvæðinu hafa víðtæk áhrif á þróun atvinnulífs, nýsköpunar og samfélaga þessara svæða.

- Hvergi er komið að í Grænbók um nýlega samþykkta borgarstefnu telja verður nauðsyn á að meta samspil þingsályktunar um byggðamál og þingsályktunar um borgarstefnu, skörun og samkeppni um fjármagn.

4. Hver er skoðun þín á því hvernig best sé að meta árangur byggðastefnu?

Þróun mannfjölda, aldursdreifing og kynjahlutfall eru grunnþættir í slíku mati. Mat á lýðfræðilegum veikleikum sem Nordregio hefur mælt um langa hríð skýra vel stöðu og gefa samanburð á milli árabila hvort stefni upp eða niður. Síðan er það staða atvinnulífs, fjölbreytni starfa og ekki síst geta atvinnulífs til að sinna nýsköpun er mikilvægur árangursmælkvarði.

5. Annað sem þú vilt taka fram?

- Markmið með fjölgun starfa með óstaðsettum störfum hefur reynst tvíeggjað sverð eins og kemur fram í skýrslu Byggðastofnunar frá í febrúar 2026. Með sameiningu og þar með stækkun stofnana ríkisins gefst aukið færi að stuðla að fjölgun starfsstöðva og ríkið ber að nýta það tækifæri og fastsetja störf utan höfuðborgarsvæðis.
  Vinna þarf með eflingu starfsemi tengt auðlindanýtingu hvers svæðis og stuðla þar að uppbyggingu sérfræðiþekkingar.

  Vinna þarf að eflingu starfsemin sem jafna á aðgengi að þjónustu ríkisins. Mælikvarðar þurfa að vera meðallaun starfa, tegund starfa með áherslu á sérfræðistörf, kynjahlutfall og fjöldi starfsstöðva.
- Efla innviði sem stuðla að auknu áfallaþoli og varnargetu þjóðarinnar og tengingar við borgaralega innviði á grunni stefnuviðmiða NATO

f.h. Fjórðungssambands Vestfirðinga

Aðalsteinn Óskarsson, sviðsstjóri byggðaþróunar.